

FUNDARGERÐ

125. stjórnarfundur KRAFT

125. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)
22. mars 2021 kl. 20.30

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Hinrik, Þórunn Brynja og Laufey.
Fjarverandi : Aron Ingi, Rúnar og Lára
Fundarritari : Laufey.

1. NÝ STJÓRN

Gry formaður KRAFT bauð nýja stjórnarmeðlimi velkomna til starfa.

Formaður sendir á stjórn lög og afreksstefnu sambandsins sem stjórn vinnur eftir.

Hver fundarmaður kynnti sig og sagði frá sínum styrkleikum og hvernig hægt er að nýta þá í stjórnarstarfinu. Í framhaldinu skipti stjórnin með sér verkum :

Gry formaður,
Hinrik varaformaður
Aron Ingi gjaldkeri
Laufey ritari
Rúnar meðstjórnandi
Þórunn Brynja meðstjórnandi
Auðunn meðstjórnandi og íþróttastjóri

Lára Bogey starfsmaður Kraftlyftingasambandsins

2. IPF -BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUGERÐUM OG AFSTAÐA KRAFT

Á síðasta ári fór IPF í heildarendurskoðun á lögum og reglugerðum sambandsins. Mörgum finnst löngu tímabært að gera þessa breytingar en ekki öllum. Málsmeðferð og framkvæmd breytinganna eru mjög umdeildar. Það er því tvennt sem stendur í aðildarþjóðum IPF :

A : Breytingartillaga
B. Framkvæmd breytingar / Málsmeðferð

Helst stendur styr um breytingar sem varðar þingið (General Assembly) og stjórn IPF. Breytingartillaga gerir ráð fyrir að stjórn IPF geti gert breytingar á reglugerðum án aðkomu þingsins, en núna er það þingið sem gerir breytingar á reglugerðum.

Aðferðin við þessar kosningar hafa valdið miklum titringi innan sambandsins. Vegna Covid hafa yfirvöld í Luxemburg (sem IPF hlítur) leyft rafrænt þing og rafræna kosningu. IPF sendi á sambandsaðila tillögurnar með já / nei atkvæðaseðlum án þess að gefa færi á neinni umræðu. Menn eru ósáttir og vilja meina að þetta sé einræði, það þurfi rökstuðning frá IPF og gefa færi á umræðum. Gert er ráð fyrir þingið komið saman í Stavanger í Noregi í nóvember á þessu ári. Hins vegar hefur IPF aðeins gefið frest til að greiða atkvæði nk. miðvikudag.

Norðurlönd hafa rætt þetta mál á milli sín og eru sammála að málsmeðferð IPF er ekki til fyrirmyndar. Þau tóku sig saman og sendu bréf á IPF þar sem betri skýringa var óskað, töldu vanta rökstuðning og hver væri ástæðan fyrir þessum asa (með hliðsjón af þinginu sem á að halda í nóvember). IPF sendi svar sem var sent á allar aðildarþjóðir með betri rökstuðningi og þeirra skoðun á að fleiri aðildarlönd eigi kost á að vera með í atkvæðagreiðslunni með rafrænum hætti.

Enn er ekki skýrt hvað framhaldið verður ef tillagan verður felld í rafrænni kosningu.

Flest hinna Norðurlandanna eru ósáttir við báða liði, þ.e. breytinguna og framkvæmdina og hafa ákveðið að hafna tillögunni þ.e. svara nei. Formaður KRAFT hafði upplýst hin Norðurlöndin að ákvörðun KRAFT myndi ekki liggja fyrir fyrir en eftir ársþingið og með nýrri stjórn.

Ein jákvæð breytingartillaga varðar atkvæði stjórnarmanna IPF. Nú eiga stjórnmeðlimir atkvæði á þinginu en breytingartillaga gerir ráð fyrir að stjórnarmenn missi sitt atkvæði á þingi.

Fundarmenn voru sammála um að þeir telji þessar breytingar til góðs en framkvæmd þeirra að hálfu IPF væri ekki hægt að styðja. Þessi „take it or leave it“ aðferð IPF er eingöngu til að valda óeiningu og tortryggni í garð IPF og forsvarsmanna sambandsins.

Fundarmenn samþykktu þ.e. stjórn að greiða ekki atkvæði með breytingunum en rökstyðja í bréfi til IPF með afriti til Norðurlandanna að það er vegna málsmeðferðar en ekki vegna breytingartillagna.

Gry hefur sett saman bréf sem Hinrik ætlar að lesa yfir. Hann sendir bréfið í framhaldinu til stjórnar KRAFT til samþykkis.

Það hefur komið fram að lögfræðingur IPF mun sjá um talningu atkvæða hins vegar hefur ekki komið fram hvort atkvæði meðlimslanda verði gert opinbert, það gæti hins vegar aukið gegnsæi og minnkað tortryggni gagnvart IPF.

3. ÖNNUR MÁL

- ÍM - Mótsstaður
Vegna COVID fréttu í dag þá gæti verið komið eitthvað bakslag með mótsstað.
Gry mun funda með forstöðumanni íþróttahússins í fyrramálið.
Samþykkt að KRAFT greiði fyrir þrif á mótsstað.
- ÍM - Holl á sunnudeginum
Rætt var um að fækka hollum úr þremur í tvö, aðeins eru 8 konur í fyrsta hollu eins og er.
Kom upp hugmynd að hafa unglinga fyrir hádegi og öldunga eftir hádegi.
Gry ætlar að heyra í Helga Haukssyni um þessa hugmynd.
- Fundargerð frá Kraftlyftingabingi er í vinnslu hjá ritara. Laufey bað Gry um að senda sér tengil að upptöku af Kraftlyftingabinginu.

4. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

5. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.45